

Vegagerðin  
Jónas Snæbjörnsson, umdæmisstjóri  
Borgartúni 5 og 7  
105 Reykjavík

2004120009  
8717; 9310

Reykjavík, 12. janúar 2005  
/--

**Efni: Breyting á Þrengslavegamótum. Hringvegur 1-d9; Svínahraun-Hveradalabrekka, Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 30. nóvember 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting á Þrengslavegamótum á Hringvegi 1-d9; Svínahraun-Hveradalabrekka, Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 22. desember 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. desember 2004, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 6. janúar 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. janúar 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 11. og 12. janúar 2005.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fyrirhuguð framkvæmd felst í gerð mislægra vegamóta í stað stefnugreindra vegamóta þannig að Hringvegur muni liggja yfir Þrengslaveg á brú. Engin breyting verður á legu Hringvegar frá því sem áður var tilkynnt til Skipulagsstofnunar í maí árið 2003 og stofnunin tók ákvörðun um þann 5. júní 2003 að skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin hefur í för með sér breytingu á Þrengslavegi næst Hringvegi, þó þannig að planlega sunnan Hringvegar verður nánast óbreytt en bætt verður við slaufu norðan Hringvegar og römpum fyrir hægri beygjustrauma að Hringvegi.

Tilgangur með framkvæmdinni er að auka umferðaröryggi en samkvæmt rannsóknum verða að jafnaði 30-50% færri slys og óhöpp við mislæg gatnamót miðað við vegamót í plani.

Framkvæmdaraðili telur breytinguna ekki hafa nein umhverfisáhrif sem hafi í för með sér þörf á mati á umhverfisáhrifum.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Bæjarstjórn Ölfuss, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun, telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á umferðaröryggi.** Bæjarstjórn Ölfuss telur að mislæg gatnamót í stað stefnugreindra gatnamóta hafi óveruleg áhrif á umhverfið en umtalsverð áhrif á bætt umferðaröryggi.

**Áhrif á jarðmyndanir og landslag.** Umhverfisstofnun bendir á að vegna fyrirhugaðra breytinga á Þrengslavegamótum muni þurfa um 8000 m<sup>3</sup> af fyllingaefni til viðbótar þeim 130.000 m<sup>3</sup> sem áætlað er að þurfi vegna framkvæmdarinnar í heild, það er nýlagning vegar milli Svínahrauns og Hveradalabrekku, auk þess sem um 21.000 m<sup>2</sup> svæði í hrauni verður raskað vegna breytingarinnar. Bent er á að fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis nr. 753 á náttúruminjaskrá, Eldborgir við Lambafell og að hraunið fellur jafnframt undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem jarðmyndun sem njóta skal sérstakrar verndar. Hrauni á þessu svæði hafi þegar verið raskað við gerð núverandi vegar og annarra mannvirkja en mislæg vegamót séu plássfrekari en stefnugreind vegamót. Vísað er til tölvubréfs, dags. 14. desember 2004, frá Vegagerðinni þar sem fram komi að það sé ætlun Vegagerðarinnar að halda mannvirkjagerð í algeru lágmarki, skeringar verði mjög litlar og ekki verði farið með vinnuvélar út fyrir skilgreint framkvæmdasvæði. Stofnunin telur að fjarlægja eigi aflagða hluta eldri vegar. Umhverfisstofnun minnir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Vegagerðin bendir á, í frekari gögnum, að leitast verði við að jafna skeringar í hrauninu þannig að þær falli sem best að lögun hraunsins á hverjum stað, en ekki sé talið raunhæft að "fínhanna" yfirborð skeringanna fyrirfram. Ákvörðun hafi ekki verið tekin um hvað verði gert við núverandi veg frá Hamragilsvegumótum að Þrengslavegi, en tryggja þurfi vegslóð að tengihúsi Símans sem sé á þessu svæði.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins leggur áherslu á að fornleifafræðingur verði fenginn til að kanna hvort fornleifar er að finna á framkvæmdarsvæðinu. Finnist fornleifar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar ber að taka tillit til þeirra og leita samráðs við Fornleifavernd ríkisins um með hvaða hætti það verður best gert. Vegagerðin svarar því til að hún muni fylgja 13. gr. þjóðminjalaga ef hugsanlega finnast áður ókunnar fornleifar við framkvæmdina.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð mislægra vegamóta í stað stefnugreindra vegamóta á Hringvegi og Þrengslavegi þannig að Hringvegur muni liggja yfir Þrengslaveg á brú. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umrædd framkvæmd hafi fyrst og fremst áhrif á nútímahraun sem er á náttúruminjaskrá, en svæðinu hefur nú þegar verið raskað með núverandi vegi og telur stofnunin að áhrif framkvæmdar á hraunin verði ekki veruleg. Stofnunin telur mikilvægt að raski á hrauni verði haldið í lágmarki eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar. Framkvæmdin mun auka umferðaröryggi á vegamótunum. Ekki er líklegt að framkvæmdin hafi veruleg áhrif á fornleifar en mikilvægt er að samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjast.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á Þrengslavegamótum á Hringvegi 1-d9; Svínahraun-Hveradalabrekka, Sveitarfélaginu Ölfusi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss 2002 - 2014 og þarf að breyta því. Skipulagsstofnun telur að með það mál megi fara sem óverulega breytingu skv. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdina skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. febrúar 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit. Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun